



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

Fornleifaskráning á Þingeyri við Dýrafjörð, V-Ísafjarðarsýslu
Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar breytinga á deiliskipulagi



Unnið fyrir Ísafjarðarbæ

Margrét Hallmundsdóttir

Október 2014
NV nr. 15-14

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Markmið og aðferðir	3
Tilgangur fornleifaskráninga.....	3
Fornleifaskráning og aðferðir.....	4
3. Fornleifaskráning í landi Þingeyrar	4
Saga.....	5
4. Fornleifar innan deiliskipulagssvæðis.....	10
5. Friðuð hús á deiliskipulagssvæðinu	44
6. Niðurstöður	44
7. Kort	45
8. Ljósmyndaskrá.....	49
9. Heimildaskrá.....	51

1. Inngangur

Dagana 5. - 6. september fór fram fornleifakönnun vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi á Þingeyri. Skipulagssvæðið nær til allrar byggðar á miðsvæði Þingeyrar upp af höfninni, ásamt atvinnu- og iðnaðarsvæðis með Hafnarstræti og Sjávargötu að oddanum. Flatarmál deiliskipulagsins er 19,2 ha.¹

Náttúrustofa Vestfjarða annaðist fornleifaskráninguna og sá Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur um rannsóknina og skýrsluskrif. Rannsóknin er gerð að Beiðni Ísafjarðarbæjar.

Árið 2007 gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifakönnun á tveimur afmörkuðum svæðum á Þingeyri vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Um rannsóknina sá Ragnar Edvardsson en Óskar Leifur Arnarson, þá fornleifafræðinemi, sá um vettvangsvinnu og skýrsluskrif með Ragnari².

Gerð var húsakönnun á Þingeyri árið 2007 vegna breytinga á deiliskipulagi. Í könnunni er ekki getið þeirra húsa sem voru horfið þegar könnunin átti sér stað.

Í þessari skýrslu eru skráðar minjar sem eru sjáanlegar á yfirborði, minjar sem getið er um í heimildum en sjást ekki lengur. Einnig er sagt frá þeim húsum sem heimildir eru fyrir um en eru horfin. Þórir Örn Guðmundson var heimildarmaður og fær hann bestu þakkir fyrir veitta aðstoð. Einar Sæmundsen hjá Landmótun fær bestu þakkir fyrir samvinnu og aðstoð.

Saga Þingeyrar, sem hér birtist, var gerð af Óskari Leifi Arnarsyni fornleifafræðing í skýrslunni „Fornleifaskráning á Þingeyri við Dýrafjörð“³ sem Náttúrustofa Vestfjarða gaf út árið 2007 og er höfð hér óbreytt frá þeirri skýrslu.

Ljósmyndir voru teknar af Margréti (MHH) daganna 5. - 6. september 2014, af Evu Dögg Jóhannesdóttur (EDJ) þann 2. október 2014 og Þórir Erni Guðmundssyni (ÞÖG) í október 2014.

¹ Deiliskipulag fyrir miðbæ og hafnarsvæði á Þingeyri.2014:9.

² Fornleifaskráning á Þingeyri við Dýrafjörð.2007:2.

³ Fornleifaskráning á Þingeyri við Dýrafjörð.2007:5-9.

2. Markmið og aðferðir

Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir: „fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunn umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins.

Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).”

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við undirbúning voru fyrirbyggjandi heimildir athugaðar, s.s. jarðabækur, örnefnaskrár og fornrit. Fornleifaskráning á vettvangi var takmörkuð við það svæði sem verið er að deiliskipuleggja og var gengið skipulega um svæðið. Ekki má líta svo á að um tæmandi fornleifaskráningu á vettvangi sé að ræða

Hver sýsla hefur skammstafað heiti og hver jörð hefur tvö númer í fornleifaskránni. Númerin eru komin úr annars vegar landsskrá Fasteignamats ríkisins (d. Sandar: 181579) og hins vegar eins og það kemur fyrir í Jarðatal Johnsens frá 1847 (d. Sandar: 35). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (d. 181579-035:001). Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens, flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Í umfjöllun um hverja jörð fyrir sig er byrjað á að stikla á stóru um sögu hennar.

Síðan er hverjum minjastað fyrir sig er lýst á staðlaðan hátt. Fyrst kemur kennitala staðarins, sérheiti, tegund, hlutverk og GPS staðsetning í gráðum og mínútum. Næst koma lýsing á staðsetningu, aðstæður á minjastað, minjalýsing og að lokum upplýsingar um hættumat. Auk þess fylgja minjastöðum ljósmyndir og / eða teikningar eftir því sem við á.

Þingbúðaminjarnar voru mældar og stikaðar, en minjar í túninu við Hrosshól voru stikaðar eða GPS mældar.

3. Fornleifaskráning í landi Þingeyrar

Þar sem Þingeyri hefur hvorki sérstakt númer í Jarðatali Johnsens eða landskrá fasteigna fær hver minjastaður númer út frá hvaða jörð hann tilheyrði áður. Það land sem tilheyrir Þingeyri nú tilheyrði áður Söndum og Hvammi. Þau svæði sem um ræðir í þessari fornleifaskrá tilheyrðu áður jörðinni Söndum.

Saga

Kaflí þessi er birtur óbreyttur úr skýrslu Óskars Leifs og Ragnars.⁴

Elstu heimildir um búsetu á Þingeyri koma fram í Gísla sögu Súrssonar. Þar segir: „Hann [Vésteinn] er fluttur til Þingeyrar. Þar bjó þá maðr, er Þorvaldur gneisti hét. Vésteinn gengr þar til húss, ok lét Þorvaldr honum heimilan hest sinn.“⁵

Þá er Þingeyrar getið í Sturlunga sögu í sambandi við sáttafund vegna dauða Hrafns Sveinbjarnarsonar á Eyri í Arnarfirði (Rafnseyri). „Þorvaldur [Snorrason í Vatnsfirði] sendi orð Kár munki Geirmundarsyni að hann skyldi leita um sættir við frændur Hrafns. Þá var settur sáttafundur þessa málaferla að ráði Þórðar Sturlusonar og Kárs munks á Þingeyri í Dýrafirði.“⁶

Landamerkjabréf milli Hvamms og Sanda er ritað 17. mars 1508. Þar gerðu Hjálmur Sveinsson, Sigurður Þormóðsson og Grímur Ólafsson kunngjört að: „Hwammur a land inn i surtarbacka og það gagnvart a fiáll vpp enn ad vtan i gard þann sem geingur vr fiuru og gagnvart upp a sandafell firir vtan gras enn innan þingeyre.“ Þetta bréf er talið falsað.⁷

Annað landamerkjabréf milli Hvamms og Sanda er til með sömu dagsetningu (þ.e. 17. mars 1508) og er það bréf talið ófalsað. Þar gera sömu menn og áður getur kunngjört að: „Hwammur á land inn í Svartabacka. og þaðan gagnvart a fiáll upp. Enn að utan i gard þann sem geingur ur fiöru. og gagnvart upp á Sandafell. fyrer utan gras enn innan þingeyre.“⁸

Þingeyrar er svo getið 18. og 20. júlí 1525, í tengslum við: „Skiptabréf milli þeirrar Guðrúnar Björnsdóttur og Solveigar Bjarnadóttur, dóttur hennar, á peningum þeim, sem Solveig höfðu til erfa fallið eptir Bjorn Andrés�on föður sinn.“⁹

Í grein um verslunarstaðinn á Þingeyri í Ársriti Sögufélags Ísfirðinga segir að þingstaðaminjar á Þingeyri geti „að einhverju leyti verið um að ræða rústir fornra búða Hansaborgarkaupmanna, sem snemma á öldum ráku þar viðskipti og verzlun.“¹⁰

Í Grímsstaðaannál frá 1579 kemur fram að ræningjar hafi verið á ferð um Vestfirði. „Þessir ræningjar spurðu á Vatneyri, að Þýzkir væri á Þingeyri. Sendu þeir þeim boð um sitt stóra segl; þeir Þýzku gerðu boð aptur, að þeir skyldu fá nóg lóð og kruð [högl og púður]. Tóku ræningjar þá stóran tólfæring, er Eggert [Hannesson á Bæ á Rauðasandi] átti, og fóru sjóleiðis út fyrir og inn að Bíldudalseyri, vel útbúnir að verjum og vopnum.“¹¹ Í bókinni Öldin sextánda segir að ræningjarnir hafi verið hollenskir hvalveiðimenn.¹²

Þingeyri í Dýrafirði kemur fram í hafnarskrá Resens um yfirlit yfir hafnir á Íslandi á síðari hluta 16. aldar.¹³

⁴ Óskar Leifur Arnarson og Ragnar Edvardsson. 2007.

⁵ Gísla saga Súrssonar. 1946: 23.

⁶ Sturlunga saga. 1988: 929.

⁷ D.I. Íslenzkt fornbréfasafn, 8. bindi: 193-196.

⁸ D.I. Íslenzkt fornbréfasafn, 12. bindi: 72.

⁹ D.I. Íslenzkt fornbréfasafn, 9. bindi: 270-272.

¹⁰ Jóh. Gunnar Ólafsson. 1963: 89.

¹¹ Annálar 1400-1800. 3. bindi: 463-464.

¹² Öldin sextánda. 1551-1600: 147-148.

¹³ Kristian Kålund. 4. bindi, 1986: 131-132.

Á seinni hluta 16. aldar er Þingeyri talin aðalhöfn Dýrafjarðar. Kaupsviðið var nyrðri Arnarfjarðarströnd, Dýrafjörður og Öndurfjörður. Verslunin á Þingeyri var oftast leigð út með Ísafirði (Skutulsfirði) á einokunartímanum og stundum var bara eitt skip látið nægja á ári á báðar hafnirnar.¹⁴

Skv. Eyrarannál árið 1660 „Kom Hendrik Jensson, danskur, með kongsbréf upp á kaupskaparhöndlun [...] og Dýrafirði, hvar hann 2 skip fragtaði,“¹⁵ Árið 1665 segir í sama annál: „Var stolið úr dönsku búðum [Þingeyrabúðum] á Dýrafirði 72 v(ættum) og varð uppfýst. Var strýktur faðirinn og 2 hans synir, en móðir og dóttir með fégjaldi útleyst á Lækjarósi, er þennan stuld meðkenndust.“¹⁶ Í sama annál árið 1666 kemur fram að Danskir hafi komið síðla hingað til lands vegna stríðs. Tvö skip komu á Dýrafjörð og Skutulsfjörð, en annað fórst er það ætlaði að sigla inn á Dýrafjörð.¹⁷ Þessa atburðar er einnig getið í Vatnsfjarðarannaál yngri.¹⁸ Árið 1679 kemur fram í Eyrarannál að Skutulsfjarðarkaupskip hafi strandað fyrir landi Alviðru á Dýrafirði „þá það lagði út af Þingeyrarhöfn, [...] nokkuð af góssinu náðist þó fordjarfað væri, sem flutt var inn á Þingeyri,“¹⁹ Í Eyrarannál 1690 segir að „Jurin varð kaupmaður á Þingeyri, [...] Lagðist öll Arnarfjarðarströnd norðan fram undir Þingeyrarkaupstað til kauphöndlunar.“²⁰ Í sama annál árið 1694 kemur fram að „hafis mikill var á rekið kringum Ísland, svo norðankaupför komust ei til sinna hafna, hvar fyrir Húsavíkur(skip) lagði inn á Dýrafjörð á Þingeyri og lágu þar nær viku, hvar þeir á land lögðu 2 íslenska studiosos.“²¹ Á nokkrum öðrum stöðum í annálum er getið um að menn hafi farið um Þingeyrar höfn á ferðum sínum til eða frá landi og fengið far með skipum sem sigldu þangað.²² Í Fitjaannáli er Dýrafjarðarhöfn (Þingeyri) nefnd tvívegis í sambandi við úthlutun hafna til umboðsmanna konungs. „Þann 15. Februaríi [1706] voru Íslandshafnir af vissum riðurum forpaktaðar fyrir árlega afgipt í 9 ár [...] Dýrafjörður fyrir 565 rd.“²³ „Þann 16. og 23. Januaríi [1715] voru Íslandshafnir af vissum riðurum forpaktaðar upp á sex ár, [...] Dýrafjörður fyrir 400 rd.“²⁴

Víða er getið um menn í annálum sem ferðuðust um Dýrafjarðarhöfn (Þingeyri) á leið til eða frá landinu. Í Jarðabók Á.M og P.V., frá 1710, segir: „Sandar [...] Þingeyre heitir hjer í landinu við Dýrafjörð, þar sem kaupstaðurinn stendur. þar hefur nálægt kaupmanns búðunum fyrir vel xx árum lítið bæjarkorn verið uppbyggt af kaupmannsins forlagi, til þess að sá sem byggji vaktaði búðirnar, og fylgdi þá hjer engin grasnautn og lítil enn nú, og má þetta heldur heita tómthús en hjáleiga. [...] Stadartun heitir eitt örnefni hjer í landinu fyrir neðan staðinn að sjónum á leiðina, sem munnmæli segja að staðurinn hafi í fyrndinni staðið, og sjest þar nú deili til litra tóftarústa, en ekki svo mikla, að hjer hafi nokkurn tíma verið stórhýst, og ætla margir að þetta muni ei annað vera en munnmæli.“²⁵

¹⁴ Jón J. Aðils. 1919: 285.

¹⁵ Annálar 1400-1800. 3. bindi: 269.

¹⁶ Annálar 1400-1800. 3. bindi: 273.

¹⁷ Annálar 1400-1800. 3. bindi: 273.

¹⁸ Annálar 1400-1800. 3. bindi: 140-141.

¹⁹ Annálar 1400-1800. 3. bindi: 311.

²⁰ Annálar 1400-1800. 3. bindi: 361-362.

²¹ Annálar 1400-1800. 3. bindi: 372.

²² Annálar 1400-1800. 1. bindi: 237 og 268. 3. bindi: 140 og 173.

²³ Annálar 1400-1800. 2. bindi: 364.

²⁴ Annálar 1400-1800. 2. bindi: 395.

²⁵ Jarðabók Á.M. og P.V. 7. bindi: 49.

Í neðanmáls grein í bókinni Íslenskir sögustaðir er vitnað í bréf frá Árna Magnússyni til Hjalta prófests Þorsteinssonar í Vatnsfirði frá 1727 að á Þingeyri séu um 40 búðatóftir og að áreiðanlega séu margar þeirra þingbúðir.²⁶

Árið 1774 fór fram virðingargerð á húsum verslunarinnar á Þingeyri. Þar eru talin upp eftirfarandi hús:

1. „Krambúð byggð 1757. Í þessu húsi voru sölubúð og svefnklefi með einu rúmi á neðri hæð, en á loftinu eldhús, svefnherbergi og vörugeymsla.
2. Pakkhús (vörugeymsla) byggt árið 1735, að stærð 18½ x 10½ alin.
3. Beykishús, fúíð.
4. Torfhús byggt 1772.“²⁷

Ólafur Olavíus, sem ferðaðist um Ísland 1775-7, segir frá því í ferðabók sinni að hjá verslunarstaðnum Þingeyri séu leifar fornra akra. „Þar virðist akuryrkjan alls ekki hafa verið svo lítils háttar, nema ef akurreinarnar eru aðeins leifar endurtekinna tilrauna. Sagt er, að verzlunarstaðurinn hafi verið innar við fjörðinn en á Þingeyri, meðan Þjóðverjar eða Hansakaupmenn verzludu hér, og þá norðanvert við fjörðinn; heitir þar Valseyri og sjást þar enn húsatóttir.“ Ólafur minnst þó ekkert á þingbúðatóftir²⁸

Kristian Kálund ferðaðist um Dýrafjörð í byrjun ágúst 1874.²⁹ Þingeyri lýsir hann svo: „Margar tóftir af ýmsu tagi ná yfir innri hluta af Þingeyranesi fyrir suðvestan kauptúnið og að nokkru í túni bæjarins og eru taldar búðatóftir. Þrjár eða fjórar þeirra virðast mjög gamlar, lágar, sokknar niður í óræktaða jörð („í mó komnar“) aflangar ferhyrndar tóftir 6-7 faðma langar. Aðrar eru mjög háar með margra álna háum grasi grónum veggjum og virðast tæplega geta verið mjög gamlar, sumar þeirra eru þar að auki afar stórar. Þar er aflangur hóll eða blettur lítið eitt upphækkaður, reglulega afmarkaður frá landinu í kring, talsvert stór og er talinn vera dómsstaðurinn (dómhringur, lögrétta), og í miðjunni, þar sem nú er útihúsatóft, er talið að sætin hafi verið. Rétt þar fyrir austan er stærsta tóftin, ný að sjá, en er eignuð Hrafni Sveinbjarnarsyni, sennilega vegna stærðarinnar.“³⁰

Í sóknarlýsingum frá miðri 19. öld segir Síra Bjarni Gíslason um Þingeyri „Stendur norðan undir Sandafelli við Dýrafjörð. Þetta er Sandabeneficii hjáleiga, metin eftir mælingu að vera 5 Hdr., nú þó ekkert fullkomið skilríki fyrir því. Þar er slétt tún og gott eftir stærð, en aðrir landkostir litlir.“³¹ „Kauptún Dýrafjörður. Þar eru 7 manns, 1 kaupmaður, og engir búa þar fleiri. Engin eru þar hróf, ekkert steinhús, 4 timburhús eru þar og 5 torfhús. 1 af 4 er fiskitökuhús, og hin fimm áður nefndu liggja undir kaupstaðinn.“³²

Í rannsóknarferð sinni um Vestfirði árið 1882 kom Sigurður Vigfússon við á Þingeyri og mældi upp sjáanlegar rústir.

„Þriðjudaginn 25. júlí mældi eg búðatóttirnar á Þingeyri. Efsta og insta tóttin upp undan verzlunarstaðnum er litil og óglögg. Hún er 20 fet á

²⁶ Kristian Kálund. 2. bindi, 1985: 175.

²⁷ Jóh. Gunnar Ólafsson. 1963: 90.

²⁸ Ólafur Olavíus. Ferðabók. I.: 146.

²⁹ Kristian Kálund. 1. bindi, 1984: xix.

³⁰ Kristian Kálund. 2. bindi, 1985: 174-175.

³¹ Sóknarlýsingar Vestfjarða. 2: 56.

³² Sóknarlýsingar Vestfjarða. 2: 60-61.

lengd, og snýr út og inn; dyr hafa verið á gaflinum, og eru þó óglöggar. Rétt þar fyrir neðan er önnur *tótt*, sem snýr eins; hún er með þykkum veggjum, og er 58 fet á lengd og 22 fet á breidd; hún er með útbyggingu við hliðarvegginn, er snýr að fjallinu; dyr hafa verið á hliðarveggnum, er snýr að sjónum, enn verða ekki frekar ákveðnar, því fleiri skörð eru í vegginn; innri partr tóttarinnar er allr hærri. Önnur *tótt* sýnist hafa verið hlaðin þvers um við efri endann á þessari tótt; millumveggurinn er hinn sami fyrir báðar; dyrnar snúa að fjallinu, út úr endanum. Rétt fyrir utan er önnur *tótt*, sem snýr út og inn; hún er 40 fet á lengd, og 21 fet á breidd; dyrnar eru eigi glöggvar, enn munu hafa verið á neðri hliðvegg, því innan í tóttina miðja hefir verið hlaðin önnur tótt, sem er auðsjáanlega yngri; lítil útbygging sýnist hafa verið við innra horn neðri hliðveggjar. Þar fyrir ofan er önnur tótt, sem snýr eins; hún er 39 fet á lengd og 19 fet á breidd. Þessi tótt er lægri, og að því leyti óreglulegri, svo dyrnar sjást ekki glögt. Beint út undan er *tótt*; hún er stærri enn hin, snýr eins, og er 46 fet á lengd, og 23 fet á breidd; dyr sýnast hafa verið úr efra hliðvegg nær ytra horni. Þar fyrir ofan kemr *tótt*, lág og óglögg, snýr eins; hún er 45 fet á lengd og 22 fet á breidd; dyr hafa verið á efra hliðvegg miðjum, enn eru óglöggar. Þar fyrir ofan mun hafa verið *tótt*, enn líkist nú meir aflangri upphækkun, því engin laut er í miðjuna; hún er, að því séð verður, 49 fet á lengd, og 25 fet á breidd, snýr sem hinar. Fyrir neðan þetta, nær sjónum, er *tótt*, sem snýr eins; hún er 40 fet á lengd og 23 fet á breidd; dyr á miðjum neðri hliðvegg; við efri vegginn, nær ytri enda, er lítil útbygging; gaflöðin á þessari tótt eru há, og sýnast jafnvel vera yngri enn sú upprunalega tótt, með því þau eru hlaðin innar. Fyrir utan þessar síðast nefndu tóttir er önnur *tótt*, og snýr eins; hún er 50 fet á lengd, 25 fet á breidd; dyr á miðjum neðra hliðvegg, enn lítil útbygging við hinn efri; í innri enda tóttarinnar sýnist vera sem afhús, og dyr út í aðalhúsið; veggir þessarar tóttar eru ákaflega digrir. Þar fyrir ofan og utan er *tótt*, sem snýr eins; hún er 52 fet á lengd og 27 fet á breidd; dyr á neðri hliðvegg, enn lítil og óregluleg útbygging við hinn efra; innri endi tóttarinnar er óglöggr, því hann er eins og fyltr upp. Fyrir ofan og utan þessa tótt getr hafa verið önnur, er mun hafa snúið eins, hún er að öllu óglögg, og líkist upphækkun eða bala. Þar fyrir utan er hærri upphækkun; þetta verður ekki mælt, enn geta skal þess, að að neðan verðu er þessi upphækkun sem þráðbein hleðsla mjög löng, og snýr út og inn; í ytri enda þessarar stóru upphækkunar sýnist vera hleðsla; þetta get eg ekki talið með tóttum, Fyrir innan og neðan þetta síðastnefnda er *tótt*, sem snýr eins; hún er 45 fet á lengd og 21 fet á breidd; dyr úr miðjum efra hliðavegg; í ytri endann sýnist vera lítill afkimi síðar hlaðinn. Við enda þessarar tóttar, með litlu millibili, kemr sú stærsta *tótt*, sem er á Þingeyri, og snýr eins og hinar; veggir ákaflega digrir; lengd þessarar tóttar er 72 fet, breidd 28 fet; dyr út úr efra hliðvegg, nær innri enda. Fyrir ofan þessa tótt er önnur *tótt*, og snýr eins, eða jafnhliða hinni; hún er 44 fet á lengd og 20 fet á breidd; dyr sýnast hafa verið á efra hliðvegg, nær ytri enda; hún er lægri að veggjum enn flestar hinar. Beint út undan þessari tótt, með nokkuru millibili, er *tótt*; hún er 49 fet á lengd, enn 26 fet á breidd; snýr eins og hinar; við

neðri hliðvegg, við ytri enda, er lítil útbygging; dyr óglöggar, enn munu hafa verið á efra hliðvegg, enn hvar, verður eigi með vissu séð; þessi tótt er í enda ræktaða túnsins. Við innri enda þessarar tóttar hefir síðar verið bygðr kofi, sem nú er orðinn að tótt; hann hefir snúið þvers um, og hefir gaflað gömlu tóttarinnar verð haft fyrir annan hliðvegginn. Fyrir ofan og utan þessa tótt er enn *tótt*, og snýr eins og þær fyrtöldu; hún er 51 fet á lengd, og 23 fet á breidd; dyr á neðri hliðvegg nær ytri enda; tóttin er lág að veggjum. Nokkra faðma fyrir neðan þessa tótt kemr enn *tótt*, sem snýr eins, enn þetta munu vera 2 tóttir hvor við endann á annari, og sama gaflaðið undir báðum; lengd allrar tóttarinnar 64 fet, og breidd 20 fet; dyr óglöggvar, með því tóttin öll er orðin lág. Þessi tótt er sú yzta á Þingeyri. Fyrir neðan alla þessa tóttarþyrpingu á Þingeyri, og nær undan henni miðri, er seinna bygðr lítill kálgarðr; út undan ytri og neðri enda hans hefir verið lítil *girðing*, sem sýnist hafa verið kringlótt, enn innri parturinn af henni er þó undir kálgarðinum; hefir hann verið bygðr ofan á hana; þvermál þessarar girðingar verður þó nokkurn veginn séð, og hefir það verið nær 23 fet; veggir eru lágir og mjóir, að því er séð verður. Fyrir utan þetta hringmyndaða mannvirki eru miklar tóttarústir margar saman, og snúa upp og ofan; veggir eru ákaflega þykkir, og í miðjunni líkist það meira, eins og það nú lítr út, hrygg eða aflöngum hól lágum. Þetta held eg sé fornar bæjarrústir, og að hér hafi jafnvel staðið hinn forni bær, sem sagan talar um, og getr hann hafa staðið hér lengi fram eftir. Heimar á eyrinni, í túninu fyrir utan og ofan verzlunarhúsin, enn fyrir neðan tóttirnar, eru og aðrar miklar rústir, enn þær eru yngri enn hinar, og tóttirnar smærri, og snúa bæði langsetis og þvers um; ytri endi þessara tóttar myndar sem hól, sem eg helda að sé gamall öskuhaugr. Als fann eg á Þingeyri 17 eða 18 tóttir eða mannvirki, sem líta út fyrir að vera einhverskonar búðatóttir. Mál á öllum þessum tóttum er utanmál, þannig að mælt er út fyrir miðja vegg, og gert fyrir því, sem þeir kunna að hafa fallið út. Þannig mæli eg jafnan.³³

Um þann fjölda búðatófta sem Árni Magnússon taldi sig sjá, segir Sigurður Vigfússon: sk. „*Ekki veit eg hvar allr sá tóttafjöldi á að hafa verið á þingeyri, enn það er líklegt, að Árni hafi talið með allar þær tóttir, sem eg held sé bæjartóttir eða þesskonar, og þá talið hverja tótt útaf fyrir sig, þó þær væri margar samfastar.*“³⁴

Skv. skjali sem Matthías Þórðarson þjóðminjavörður undirritaði 27. júní 1929 lét hann friðlýsa „*Þingeyrar-þingstaður, búðatóftir fornar og aðrar rústir og fornleifar þar.*“ Skjalinu var þinglýst 11. júlí 1929.³⁵

Í skýrslu um Þjóðminjasafnið 1973 kemur fram að þjóðminjavörður [Þór Magnússon] hafi m.a. ferðast um Vestfirði og á Þingeyri hafi hann „rætt við sveitarstjóran um þingbúðarústirnar, sem alltaf kreppir meira og meira að, og reynt að finna lausn þeirra mála.“³⁶

³³ Árbók fornleifafélagsins 1883: 34-36.

³⁴ Árbók fornleifafélagsins 1883: 36 (neðanmál).

³⁵ Skrá um friðlýstar fornleifar. 1990.

³⁶ Árbók hins íslenska fornleifafélags. 1974: 161-162.

4. Fornleifar innan deiliskipulagssvæðis

ÍS-181579-035: 001

Hlutverk: Óþekkt/býli?

Tegund: Rúst

Staðsetning: A 295257 N 605320

Staðhættir: „Þingeyri er oddmyndaður, láglendur tangi sem gengur til norðurs fram í Dýrafjörð. Á honum eru margar búðarústir og ýmsar fornar minjar.“³⁷ Stór og mikill rústahóll í grasi grónu túni, 6-7 m norðan við frystihús Vísi, umkringd af trjábeði. Svæðið umhverfis rústahólinn er raskað á þrjá vegu; að norðan er Kirkjugata, og mögulega lagnir og að sunnan er frystihúsbyggingin. Vestan við rústahólinn, milli hans og kirkjunnar, er tún með fjölda rústa meintra þingbúða.



Teikning 1. Rústin stóra við hlið búðarústa.

Minjalýsing: Í Árbók hins íslenska fornleifafélags segir Sigurður Vigfússon: „Fyrir utan þetta hringmyndaða mannvirki eru miklar tóttarústir margar saman, og snúa upp og ofan; veggir eru ákaflega þykkir, og í miðjunni líkist það meira, eins og það nú lítr



út, hrygg eða aflöngum hól lágum. Þetta held eg sé fornar bæjarrústir, og að hér hafi jafnvel staðið hinn forni bær, sem sagan talar um, og getr hann hafa staðið hér lengi fram eftir“.³⁸

Mynd 1 Stærstu rústimar á svæðinu hugsamlega bæjarrústir. Ljós. MHH.

Stór og mikill rústahóll, áberandi stærri og hærri en aðrir hólur í túninu. Rústin er mest um 30 x 24 m að stærð að utanmáli og hæð veggja allt að 2 m. Tvö um 12 metra löng rými að innanmáli, sem liggja í austur – vestur. Út úr nyrðra rýminu eru allavega einn ef ekki tveir bakrými sem liggja til norðurs.

³⁷ Ö-Þingeyri (A.G.): 1.

³⁸ Ábók hins íslenska fornleifafélags 1883:36.

ÍS-181579-035: 002**Hlutverk:** Þingstaður**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 295175 N 605275

Staðhættir: „Þingeyri er oddmyndaður, láglandur tangi sem gengur til norðurs fram í Dýrafjörð. Á honum eru margar búðarústir og ýmsar fornar minjar.“³⁹ Umræddur staður er fast við norðvestur horn frystihúss Vísis. Um er að ræða dálitla upphækkun í landslaginu. Um minjar gæti verið að ræða, en eins gæti verið um jarðvegsfyllingu út frá steypu plani meðfram vestur hlið frystihússins.

Minjalýsing: Björn Björgvinsson hefur heyrt heimamenn tala um að þegar norðvestur hluti byggingarinnar var reistur fyrir um 30 árum, hafi norðvestur horn hennar lent yfir eða í einni af þingbúðarústunum. Þarna er jörðin hærri meðfram vesturhlið hússins en hún er fyrir framan norður hliðina.⁴⁰

181579-035: 017**Hlutverk:** Rúst/hleðsla**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 295272 N 605296

Staðhættir: Í Árbók hins íslenska fornleifafélags segir Sigurður Vigfússon: „Fyrir neðan alla þessa tóttabyrpingu á Þingeyri, og nær undan henni miðri, er seinna bygðr lítill kálgarðr; út undan ytri og neðri enda hans

hefir verið lítill girðing, sem sýnist hafa verið kringlótt, enn innri partrinn af henni er þó undir kálgarðinum;

hefir hann verið bygðr ofan á hana ; þvermál þessarar girðingar verðr þó nokkurn veginn séð, og hefir það verið nær 23 fet; veggir eru lágir og mjóir, að því er séð verðr.“

Minjalýsing: Þessi rúst er ekki sjáanleg á yfirborði en líklega eru leifar að kálgarðinum við hlið hennar [001].



Mynd 2. Gömul loftmynd sem sýnir umrædda rúst undir kálgarðinum. Loftmynd frá 1956.

³⁹ Ö-Þingeyri (A.G.): 1.

⁴⁰ Björn Björgvinsson. Munnleg heimild, ágúst 2007.

181579-035: 018


Hlutverk: Matjurtargarður

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 295256 N 605326

Staðhættir: Við hlið rústar [001] sem hugsanlega eru bæjarrústir má greina hleðslu. Á gamalli ljósmynd má sjá þennan matjurtargarð sem Sigurður lýsir.

Minjalýsing: Hús hefur verið byggt á þeim stað sem kálgarðurinn var. Á korti frá 1882 er þetta skráð sem fjárrétt. Hugsanlega hefur fjárréttinni verið breytt í kálgarð.



Mynd 3. Gömul loftmynd sem sýnir kálgarðinn. Loftmynd frá 1956.



Mynd 4. Gömul ljósmynd sem sýnir kálgarðinn vel. Ljósmynd frá Smiðjunni Þingeyri.

181579-035: 019**Hlutverk:** Búð**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A 295220
N 605365**Staðhættir:** Alveg við
götuna sem liggur

Mynd 5. Ljósmyndin sýnir búðarúst á mótum kirkjunnar. Ljós. MHH.

framan við kirkjuna er
rúst. Vegurinn hefur

aðskilið þessa rúst frá hinum sem eru á túninu við kirkjuna. Við hlið þessarar rústar hefur verið gert minnismerki um látna sjómenn.

Minjalýsing: Rústin er greinileg en þó ekki eins áberandi og aðrar rústir við kirkjuna. Rústin er 14 metrar á breidd og 8 metrar á lengd. Dæld er sjáanleg í henni miðri en ekki dyr. Veggir eru um 30 cm þykkir. Rústin snýr í norður-suður.

Teikning 2. Afstaða búðar [019]. Sýnd með bláu.

181579-035: 020**Hlutverk:** Búð**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A 295210 N 605317**Staðhættir:** Um 10 metra frá SV horni kirkjunnar er rúst.**Minjalýsing:** Rústin er í löng og liggur samsíða kirkjunni í norður-suður. Rústin er 16 m á lengd og 7 m á breidd. Hún hefur verið opin í austur og dyr greinilegar. Hæð veggja eru 50 cm.

Teikning 3. Afstaða búðar [020] sýnd með bláu.

181579-035: 021**Hlutverk:** Búð**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A 295196 N
605315**Staðhættir:** Aftan við gafl

Mynd 6. Ljósmynd af búð [021].

kirkjunnar er önnur búð sem



Teikning 4. Afstaða búðar [021] sýnd með bláu.

jafnframt er við hlið [019] en aðeins sunnar.

Minjalýsing: Þessi búð er ílöng eins og hin og liggur í norður-suður. Í henni virðast vera tvær dældir sem hafa verið rými í húsinu. Annað rýmið í flangt og hitt er minna og er í enda rústarinnar. Minna rýmið er greinilegra. Ekki er greinilegt hvar gengið hefur verið inn í þessa búð.

181579-035: 022

Hlutverk: Búð

Tegund: Rúst

Staðsetning: A 295203 N 605298

Staðhættir: Um fimm metra suður frá búð [020] og fast við SV horn búðar [021] er búð.

Minjalýsing: Búðin er 17 m á lengd og 8 metrar á breidd og snýr í norður-suður eins og hinar. Þessi búð er opin til austurs og hefur

mjög þykka veggi. Hugsanlega hefur verið minna rými í suðurenda sem nú hefur fyllst.



Teikning 5. Afstaða búðar [022] sýnd með bláu.

181579-035: 023

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning: A 295203 N 605297

Staðhættir: Rétt suður af búð [022] er rúst.

Minjalýsing: Rústin er mjög lítil miðað við hinar rústirnar. Rústin er 4,5m á breidd og 4m á lengd. Rústin er opin til suðurs og hefur verið lítið hús.



Teikning 6. Afstaða búðar [023] sýnd með bláu.

181579-035: 024**Hlutverk:** Búð**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A 295213 N
605277**Staðhættir:** Fimm metra frá
SA horni á búð [021] er stór
búð.


Mynd 7. Búð 24 í fjarska, sést hugsanlegar bæjarleifar. Ljós. MHH.



Teikning 7. Afstaða búðar [024] sýnd með bláu.

Minjalýsing: Búðin hefur þrjú greinileg rými eitt rýmið er sýnu stærra og tvö eru minni. Innangengt virðist hafa verið á milli rýma. Búðin er með háa og þykka vegg. Hæð veggjanna er 1 ½ m og breidd þeirra er 4 metrar. Stærð búðarinnar er 20,6m á lengd og 12 m á breidd.**181579-035: 025****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A 295212 N 605259**Staðhættir:** Fast við suður gabl á búð [024] er önnur löng búð.**Minjalýsing:** Rústin er ílöng eins og hinar og snýr eins eða í norður-suður. Ekki er greinilegt rými og ekki hægt að sjá hvar dyr hafa verið. Hæð veggja er lægri eða 1m og stærð rústarinnar er 16,6m x 7m.

Teikning 8. Afstaða búðar [020] sýnd með bláu.

181579-035: 026**Hlutverk:** Búð**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** A 295200 N 605266**Staðhættir:** Alveg fast við búð [025] er önnur mjög svipuð.**Minjalýsing:** Rústin er ílöng en nokkuð breiðari en sú sem liggur samsíða og alveg fast við. Veggir eru 1 m á hæð og ekki hægt að

Teikning 9. Afstaða búðar [026] sýnd með bláu.

greina rýmið í rústinni eða hvar dyr hafa verið. Rústin er 20 m á lengd og 10 m á breidd.

181579-035: 027

Hlutverk: Búð

Tegund: Rúst

Staðsetning: A 295212 N 605241

Staðhættir: Við suður gaflinn á rúst [026] er búðarúst.

Minjalýsing: Búðin er 18,5 m að lengd og 9 metrar á breidd.

Greinilegt rými er í miðju en ekki augljóst hvar dyr hafa verið.



Teikning 10. Afstaða búðar [027] sýnd með bláu.

181579-035: 028


Hlutverk: Búð

Tegund: Rúst

Staðsetning: A 295225 N 605251

Staðhættir: Fast við fiskvinnsluna alveg við runna er búðarúst.

Minjalýsing: Rústin er mjög greinileg með háum veggjum sérstaklega á göflunum. Dyr vísa til austurs. Veggir eru þykkir eða 4-5 m og rými greinilegt í miðju en þó er eins og greina megi lítið herbergi baka til. Stærð rústarinnar er 18 m á lengd og 10 m á breidd.



Teikning 11. Afstaða búðar [028] sýnd með bláu.

181579-035: 029

Hlutverk: Búð

Tegund: Rúst

Staðsetning: A 295225 N 605227

Staðhættir: Beint suður af rúst [028] er rúst af búð. Rústin er sú syðsta í rústaþyrpingunni á kirkjutúni.

Minjalýsing: Rústin er mjög skýr og veggir háir eða 1 ½ m á hæð. Tvö hólf eru greinileg í rústinni en ekki greinilegt hvar dyr

hafa verið. Stærð rústarinnar er 17 metrar á lengd og 10 metrar á breidd.



Teikning 12. Afstaða búðar [029] sýnd með bláu.

181579-035: 030**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Rústabunga**Staðsetning:** A 295210 N 605226**Staðhættir:** Beint suður af rúst [027] og við hlið [029] er rústabunga.**Minjalýsing:** Rústabungan er frekar lág og er 15 m á lengd og 8 m á breidd. Líklegt er að þarna séu minjar undir sverði.

Teikning 13. Afstaða búðar [030] sýnd með bláu.

181579-035: 031**Hlutverk:** Óþekkt /Rústabunga**Tegund:** Rústabunga**Staðsetning:** A 295261 N 605157**Staðhættir:** Á Gramstúni á opnu svæði bak við Gramsverslun og Salthússins er rústabunga.**Minjalýsing:** Nokkuð líklegt að hér sé um að ræða rústabungu og hugsanlega bæjarhól.

Hóllinn er 17 metrar á lengd og 8 metrar á breidd. Ekki er hægt að greina neinar hleðslur á hólnum.



Mynd 8. Rústabunga bak við Salthúsið og Gramsverslun. Ljós. MHH.

181579-035: 032**Hlutverk:** Garðlag**Tegund:** Garður**Staðsetning:** A 295125 N 605346**Staðhættir:** Vestanvert á Kirkjutúni er tún sem kallast Antonstún. Þar má greina garðlag. Garðlagið virðist vera skorið af vegi sem liggur að raðhúsum sem þarna eru.**Minjalýsing:** Garðurinn er um 40 cm og 2m á breidd. Í heild er garðurinn 54 metrar

Mynd 9. Á loftmynd frá 1956 má greina garðlag sem enn sést á yfirborði.

en 24 metrar þar sem hann er skýrastur. Garðurinn gæti verið gamall og líklega landamerkjagarður. Hann sést vel á loftmynd frá 1958 og þar sést annar yngri við hliðina sem hefur verið girðing.

181579-035: 033

Hlutverk: Kirkja

Tegund: hús

Staðsetning: A 295196 N 605334

Staðhættir: Á Kirkjutúni beint fyrir aftan Sundlaugina er Þingeyrarkirkja.

Minjalýsing: Steinsteypuhús reist 1910–1911. Hönnuður er Rögnvaldur Ólafsson arkitekt. Friðuð 1. Janúar 1990



Mynd 10. Þingeyrarkirkja byggð 1911. Ljósm. MHH.

samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 (heimild Húsaskrá Húsafriðunarnefndar). Þingeyrarkirkja var vígð 9. apríl 1911. Áður stóðu kirkja og prestssetur á Söndum í Þingeyrarhreppi og höfðu staðið þar frá því snemma á 13. öld. Árið 1907, þegar ljóst var að byggja þurfti nýja kirkju, var ákveðið að færa kirkjuna inn á Þingeyri, því að kaupúnið var þá að byggjast upp og íbúar í Sandasókn voru 618. Prestssetrið var flutt til Þingeyrar árið 1932. Rögnvaldur Ólafsson arkitekt og húsameistari teiknaði Þingeyrarkirkju og er hún úr steini í gotneskum stíl en að innan er hún prýdd fögru tréverki. Rögnvaldur Ólafsson var Dýrfirðingur og réð hann útliti og staðsetningu kirkjunnar á kirkjulóðinni, sem „Grams verslun“ á Þingeyri gaf undir kirkjubygginguna. Kirkjuna lét arkitektinn snúa í norður og suður en ekki í austur og vestur eins og viðtekin venja er og var hún látin snúa svo sem hún gerir til að bera vel við þeim sem koma af hafi til Þingeyrar. Þingeyrarkirkja er vel búin gripum.⁴¹

⁴¹ Deiliskipulag fyrir miðbæ og hafnarsvæðið á Þingeyri. 2014:13

181579-035: 034**Sérheiti:** Salthúsið/Pakkhúsið**Byggingarár:**1778**Hlutverk:** Salthús**Tegund:** Hús**Staðsetning:** A 295284 N 605157**Staðhættir:** Við Hafnastræti 5 stendur hús sem nefnist Salthúsið.

Mynd 11. Salthúsið á Þingeyri elsta hús bæjarins frá 1778. Ljósm. EDJ.

Minjalýsing: Salthúsið á Þingeyri var byggt 1778⁴², sama ár og Pakkhúsið á Hofsósi, eitt af þeim húsum sem hýsir Vesturfarasetrið í dag. Telja má næsta víst að sami maður hafi smíðað bæði húsin. Salthúsið var mikið skemmt af fúa og þurfti að taka það niður svo unnt væri að gera við hvern veggplanka um sig. Það var talið æskilegt svo að hægt væri að endurreisa það á því sem næst á upprunalegum stað. Eftir lagfæringar á byggingarefni hússins hóf Minjastofnun að reisa það og stóð sú vinna yfir með hléum í um 10 ár og lauk 2010. Húsið var mælt upp 1993 af Hjörleifi Stefánssyni arkitekt.⁴³

181579-035: 035**Sérheiti:** Gramsverslun, Gamla kaupfélagið**Byggingarár** 1873**Hlutverk:** Verslun**Tegund:** Hús**Staðsetning:** A 295280 N 605171**Staðhættir:** Gramsverslun er ákaflega merkilegt hús sem stendur

Mynd 12. Gamla Gramsverslunin þar sem það stendur í dag. Ljósm.EDJ.

á Þingeyri. Húsið var reist á árunum 1873-1875 sem verslunarhús. Í drög að greinargerð sem Hjörleifur Stefánsson gerði um Gramsverslunina segir „Ljóst er að hús Gramsverslunar er mjög sérstök bygging. Hún hefur verið meðal stærstu og glæsilegustu verslunarhúsa landsins á sinni tíð. Árið 1873 voru fá tvílyft hús á Íslandi og merkilegt að á

⁴² Hjörleifur Stefánsson⁴³ Deiliskipulag fyrir miðbæ og hafnarsvæðið á Þingeyri.2014:13-14.

Þingeyri skyldi byggt svo veglegt hús. Framhlið hússins var mótuð með litlum miðjukvisti og báðum megin við hann miklar flatsúlur með upptypptu skrauti ofaná. Verslunin var á jarðhæð með stórum gluggum og miklum innréttingum. Á efri hæðinni og risinu var vörugeymsla og á norðurgaflinum voru stórar dyr og talía til vöruhífinger undir þaki sem skagaði fram úr mæninum og yfir talíubitann. Grjóthlaðinn kjallari var undir öllu húsinu notaður sem vörugeymsla.⁴⁴ Húsið var fært yfir götuna árið 1947.⁴⁵

Minjalýsing: Í greinargerð Hjörleifs segir: „Ástand hússins nú er dapurlegt. Búið er að skerða burðarviði fyrstu hæðarinnar allmikið svo að efri hluti hússins, gólf og þak hefur sigið töluvert um miðbikið. Húsið er nú klætt bárujárn sem orðið er lélegt og tötralegt. Búið er að fjarlægja marga af upprunalegum gluggum hússins og flatsúlur framhliðarinnar eru horfnar. Bæði horn framhliðarinnar hafa verið sneidd eins og um hornhús við þéttbyggðar götur sé að ræða. Eins og áður hefur komið fram var húsið flutt af upprunalegum grunni og stendur nú á steinsteyptum undirstöðum, án kjallara, og búið er að fjarlægja verslunarinnréttinguna að mestu eða öllu leyti.“⁴⁶



Mynd 13. Verslunarhúsið um 1890. Ljósmynd Þjms. lpr 2300⁴⁷.

⁴⁴ Hús Gramsverslunar á Þingeyri. Drög að greinargerð [ártal vantar]:3-4.

⁴⁵ Með hús í farangrinum. MA ritgerð í fornleifafræði.

⁴⁶ Hús Gramsverslunar á Þingeyri. Drög að greinargerð [ártal vantar]:4

⁴⁷ Hús Gramsverslunar á Þingeyri. Drög að greinargerð [ártal vantar]:4



Mynd 14. Á lofti gömlu Gramsverslunar er nokkuð af innréttingum úr húsinu. Ljósmynd MHH.

181579-035: 036

Sérheiti: Gamla Krambúðin

Hlutverk: Verslunarhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 295233 N 605205

Staðhættir: Þar sem nú er plan framan við fiskvinnsluhús stóð áður Gamla krambúðin sem byggð var 1757. Húsið er merkt númer 2 á korti frá 1882 (sjá kort 1). Húsið var byggt af Hötmangaurum og var múrað í binding 12,5 x 6,3 að flatarmáli eða því sem næst. Árið 1787 voru geymslur í norður og suðurenda en sölubúðin í miðju húsinu.⁴⁸

Minjalýsing: Húsið var rífið árið 1940.⁴⁹



Mynd 15. Gamla Krambúðin var hús aftan við Gramsverslun. Verslunarhúsið um 1890. Ljósmynd Þjms. Lpr-4292¹.

⁴⁸ Firðir og fólk 900-1900. Vestur Ísafjarðarsýsla. 1999:143

⁴⁹ Firðir og fólk 900-1900. Vestur Ísafjarðarsýsla. 1999:143

181579-035: 037**Sérheiti:** Faktorshús**Hlutverk:** Hús verslunarstjórans**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 295269 N 605172

Staðhættir: Við horn Salthússins stóð Faktorshús þar sem Gramsverslunarhúsið stendur núna. Húsið var byggt árið 1775 og líkist öðrum Faktorshúsum sem komu til landsins 10 árum

áður og eru enn til á Ísafirði (Faktorshúsið Neðsta Kaupstað og á Eyrarbakka (Húsið á Eyrarbakka).

Minjalýsing: Húsið var múrað í binding. Grunnflötur 12,5 x 6,3 metrar. Í því voru árið 1787 tvær stofur, lítið herbergi, eldhús og borðstofa en einn þriðji partur hússins var notaður sem geymsla.⁵⁰ Húsið er horfið. Það var rífið árið 1946. Húsið er númer 3 á korti frá 1882 (sjá kort 1).



Mynd 16. Faktorshúsið er ljósa húsið til vinstri á mynd frá 1890. Ljósmynd ÞJMS. LPR 2300.¹

181579-035: 038**Sérheiti:** Beykihúsið**Hlutverk:** Beykihús**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 295285 N 605125

Staðhættir: Við hlið Salthússins en nokkuð frá stóð hús sem á korti frá 1882 (hús nr. 5 á korti 1) er það skráð sem Beykihús. Líklegt er að þar hafi starfað Beykismiður en það voru menn sem smíðuðu tunnur. Algengt var að Beykismiðir störfuðu á verslunarstöðum og þar sem fiskur var verkaður. Árið 1915 búa tvær fjölskyldur í húsinu.



Mynd 17. Á myndinni má sjá Salthúsið sem enn stendur og við hliðina á því er Beykihúsið gert út torfi og grjóti. Þingeyri um 1885. Ljósmynd í Þjms.

⁵⁰ Firðir og fólk 900-1900. Vestur Ísafjarðarsýsla. 1999:143

Minjalýsing: Húsið er horfið en á ljósmynd frá 1885 má sjá Beykishúsið, sem virðist vera gert út torfi og grjóti og hafa tvær burstir. Hinsvegar er heimild um annað hús kallað gamla Beykishúsið sem virðist hafa verið þar sem þessi bær er. Í texta eftir Gunnar Hvanndal við mynd frá



Þjóðminjasafninu: „Gamla beykishúsið var síðar þar sem burstabærinn er.“⁵¹

Mynd 18. Mynd frá Þjóðminjasafni í myndatexta segir Sveinbjörn Sveinsson, Jón Jónsson, Ingimundur Teitsson, Andreas Andersen Bochen á 65 ára afmæli Ingmundar 1895.

Hugsanlegt er að Beykismiður hafi búið þarna og síðar hafi verið byggt þar hús. Þegar mynd 17 er skoðuð og afstaða fjallsins fyrir aftan virðist húsið á myndinni hafa staðið á sama stað og torfbærinn er á. Líkleg hefur beykishús verið byggt þar sem beykir hafðist áður við í torfbæ og þetta gerst á þeim tveimur árum sem eru á milli mynda 17 og 18. Upplýsingar gætu hafa ruglast og bærinn verið þarna og síðar byggt beykishús.

181579-035: 039

Hlutverk: Smiðja

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 295282 N 605082

Staðhættir: Á korti frá 1882 er hús nr. 6 merkt sem „elsti hluti smiðjunnar.“ Þetta hús stóð við hliðina en nokkuð frá Beykishúsinu.

Minjalýsing: Húsið er horfið.

181579-035: 040

Sérheiti: Hallhús

Byggingarár: 1882

Hlutverk: Íbúðarhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 295028 N 605226



Mynd 19. Hallhús byggt árið 1882.Ljósm EDJ.

⁵¹ Gunnar Hvanndal texti aftan á mynd A-Lpr-4292 á sarpur.is

Staðhættir: Á korti frá 1882 (kort 1) má sjá hús merkt númer 7. Íbúðarhús Gunnars Melkjörssonar Bachman sem starfaði sem bókari hjá Gramsverslun reisti árið 1882.

Minjalýsing: Undirstöður eru hlaðnar og húsið er timburhús með áklæðningu. Mikið menningarsögulegt gildi sökum aldurs og flutnings en það stóð í Fjarðargötu 1. Jónas Hall bjó í því og þess vegna er það kallað Hallhús en það hefur líka verið kallað Bacmanshús og Læknishús.⁵² Húsið er nú við Aðalstræti 31 og utan svæðis.

181579-035: 041

Sérheiti: Vertshúsið. Hótel Niagara

Byggingarár: 1881

Hlutverk: Veitingahús

Tegund: Hús

Staðsetning: A 295297 N 605021

Staðhættir: Við Fjarðargötu 4a stendur hús sem reist var árið 1886 og var byggt sem krá, veitingahús og gistihús. Húsið var líka nefnd Hótel Niagara og var fyrsta greiðasala, gistihús og símstöð.

Minjalýsing: Húsið er íbúðarhús í dag, er nýuppgert. Húsið er timburhús. Einlyft lengja með lágu risi og á hlöðnum kjallara. Árið 1890 stækkaði Jóhannes Ólafsson hreppstjóri það um þriðjung „inneftir“.⁵³



Mynd 20. Vertshúsið. Ljósm. EDJ.

⁵² Gunnar Hvanndal 1996:49

⁵³ Húsakönnun fyrir Aðalstræti hluta Vallargötu, Hafnarstrætis, Fjarðargötu, Brekkugötu og Kirkjugötu Þingeyri 2013:[bls tal vantar]

181579-035: 042**Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** E 295136 N 605180

Staðhættir: Á ljósmynd má sjá torfhlaðin útihús verslunarstjórans. Húsin voru Fjós, hesthús og hlaða og voru þrjár burstir samkvæmt korti frá 1882 (sjá kort 1).

Minjalýsing: Húsin eru horfin.

Mynd 21 Fjórúsi Faktorsins eru fremst á myndinni.og hjallur þar framan við merktur með rauðum hring. Þingeyri um 1885. Ljósmynd í Þjms. Lpr-4292.

181579-035: 043**Hlutverk:** Hjallur**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 295145 N 605181

Staðhættir: Á ljósmynd má sjá torfhlaðin útihús verslunarstjórans. Húsin voru fjós, hesthús og hlaða og voru þrjár burstir samkvæmt korti árið 1882 (sjá kort 1). Framan við þau má sjá hjall hlaðin út torfi og grjóti (sjá mynd 21).

Minjalýsing: Hjallurinn er horfin.**181579-035: 044****Hlutverk:** Lýsisbræðsla**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 295323 N 605347

Staðhættir: Þar sem í dag stendur fiskvinnsluhús stóð áður Lýsisbræðsla og fiskverkunarhús. Húsin eru merkt á kort frá 1882 (kort 1). Lýsisbræðslan er númer 12 á kortinu.

Minjalýsing:

Húsin eru horfin en ljósmynd er til að þeim (sjá mynd 22).



Mynd 22. Lýsisbræðslan og fiskverkunarhúsið eru vinstramegin á myndinni. Lýsisbræðslan er nær og ljósari á lit með stórum reykþáfi, fiskverkunarhúsið er þar við hliðina. Ljósmynd í ÞjmsLpr-4292.

181579-035: 045**Hlutverk:** Fiskverkunarhús**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 295316 N 605319**Staðhættir:** Þar sem í dag stendur fiskvinnsluhús stóð áður lýsisbræðsla og fiskverkunarhús. Húsin eru merkt á korti frá 1882 (sjá kort 1).**Minjalýsing:** Húsin eru horfin en ljósmynd er til að þeim (sjá mynd 22). Á korti 1 er fiskverkunarhúsið númer 13. Í strompi fiskverkunarhúnsins var klukka sem hringt var ef hætta var á að rigndi á fiskinn sem var til þerris. Hópaðist þá fólk að, til bjarga fiskinum.⁵⁴**181579-035: 046****Hlutverk:** Verslunarhús**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** Óþekkt**Staðhættir:** Í bók sinni firðir og fólk greinir Kjartan Ólafsson frá: „Elsta heimild um verkunarhús á Þingeyri er kvæði Sr. Ólafs Jónssonar á söndum um framferði skipbrotsmanna frá Baskalandi á Spáni sem dýrfirðingar tóku af lífi haustið 1615 „*dátarnir brutu upp danskra sal*“ segir prestur í 32. vísu kvæðisins, er hann greinir frá viðdvöl Baskana á Þingeyri. Ætla má að hin danski salur sem séra Ólafur minntist á hafi verið einskonar vöruskemma og líklegt er að einokunarkaupmennirnir hafi byggt hér krambúð skömmu eftir 1600.“⁵⁵**Minjalýsing:** Ekki er vitað hvar þessi hús stóðu. Ekki er ólíklegt að þau hafi staðið á svipuðum stað og verslunarhúsin stóðu síðar.**181579-035: 047****Hlutverk** Bær/býli**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** Óþekkt**Staðhættir:** Á sautjándu öld og fyrrihluta þeirrar átjándu stóðu dönsku húsin á Þingeyri auð árið um kring og þar hafði enginn verið búsettur svo vitað væri. Árið 1688 var maður

⁵⁴ Heimildarmaður Þórir Örn.⁵⁵ Firðir og fólk 900-1900. Vestur Ísafjarðarsýsla. 1999:142

dæmdur fyrir að hafa brotist inn í krambúðina á Þingeyri. Var þá maður fenginn til að setjast að á Þingeyri í þurrabúð og honum ætlaða að vakta verslunarhúsin.⁵⁶

Í jarðabók Árna og Páls segir árið 1710: „Þingeyri heitir hér í landinu við Dýrafjörð þar sem kaupstaðurinn stendur þar hefur nálægt kaupmannsbúðunum fyrir vel 20 árum lítið bæjarkorn verið upp byggt að kaupmansins forlagi til þess að sá sem byggði vaktaði búðirnar og fylgdi þá her engine grasnautn og lítill enn nú, og má þetta heita tómsthús en hjáleiga.“⁵⁷

Minjalýsing: Árið 1742 voru á Þingeyri fjögur hús og þar með talin var torfkofi sem hin íslenski vaktmaður bjó í. Aftan við Salthúsið er rústabunga [031] sem hugsanlega gæti verið svæðið þar sem torfhús vaktmannsins stóð.

181579-035: 048

Hlutverk: Verslun

Tegund: Heimild/verslun

Staðsetning: Óþekkt

Staðhættir: Árið 1742 voru hér á verslunarstað Dýrfirðinga fjögur hús: Krambúð, Beykishús, pakkhús og torfkofinn sem hin íslenski vaktmaður bjó í.⁵⁸

Minjalýsing: Krambúðin var 11,3x4,2m og komin til ára sinna því hún var ekki metin nema á 50 ríkisdali.⁵⁹

181579-035: 049

Hlutverk: Beykishús

Tegund: Heimild/Beykishús

Staðsetning: Óþekkt

Staðhættir: Árið 1742 voru hér á verslunarstað Dýrfirðinga fjögur hús, Krambúð, Beykishús, pakkhús og torfkofinn sem hin íslenski vaktmaður bjó í.⁶⁰

Minjalýsing: Beykishúsið var 7,5 x 5,2 m og virt á 84 ríkisdali.⁶¹ Ekki er vitað hvar þetta Beykishús stóð.

⁵⁶ Firðir og fólk 900-1900. Vestur Ísafjarðarsýsla. 1999:142

⁵⁷ Jarðabók Árna og Páls VII 1981:49

⁵⁸ Verslunarstaður á Þingeyri og húsakostur þar 1963:89

⁵⁹ Verslunarstaður á Þingeyri og húsakostur þar 1963:89

⁶⁰ Verslunarstaður á Þingeyri og húsakostur þar 1963:89

⁶¹ Verslunarstaður á Þingeyri og húsakostur þar 1963:89

181579-035: 050**Hlutverk:** Pakkhús**Tegund:** Heimild/hús**Staðsetning:** Óþekkt

Staðhættir: Árið 1742 voru hér á verslunarstað Dýrfirðinga fjögur hús, Krambúð, Beykishús, pakkhús og torfkofinn

sem hin íslenski vaktmaður bjó í.⁶²

Minjalýsing: Pakkhúsið var byggt árið 1735 og sjö árum síðar var það virkt á 285 ríkisdali og

var það stærst og verðmætast. Grunnflötur þess var 11,5 x 6,3m. Í norðurenda þess var sérstakt afþiljað herbergi sem verslunarstjórinn bjó í á kauptíðinni.⁶³ Á mynd 21. Sem tekin var 1866 má sjá hús sem ekki er ósvipað salthúsinu að byggingu og stendur á eyrinni. Miðað við stærðarlýsingu er þetta hugsanlega þetta pakkhús.



Mynd 23. Þessi mynd er tekin árið 1895 og standa mennirnir framan við hús sem er greinilega komið til ára sinna og er pakkhús. Líklega er þetta pakkhúsið sem var komið árið 1742. Ljós. Þjism Lpr-B-1988-77.

181579-035: 051**Hlutverk:** Geymsluhús**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** Óþekkt

Staðhættir: Á árum konungsverslunarinnar síðari 1774-1787 voru átta ný hús reist í grennd við krambúðina. En í lok þess tímabils voru aðeins tvö af gömlu húsunum enn í notkun; Pakkhúsið frá 1735 og Krambúðin frá 1757.⁶⁴

Minjalýsing: Lítið geymsluhús 2,4 x1,9 m að grunnfleti. Byggt 1776.⁶⁵ Ekki vitað hvar þetta hús stóð.

181579-035: 052**Hlutverk:** Öl og brauðgerðarhús**Tegund:** Heimild

⁶² Verslunarstaður á Þingeyri og húsakostur þar 1963:89

⁶³ Verslunarstaður á Þingeyri og húsakostur þar 1963:89

⁶⁴ Firðir og fólk 900-1900. Vestur Ísafjarðarsýsla. 1999:144

⁶⁵ Firðir og fólk 900-1900. Vestur Ísafjarðarsýsla. 1999:144

Staðsetning: Óþekkt

Staðhættir: Hús byggt út torfi árið 1777 ætlað til öl og brauðgerðar. Stærð 5 x 3,7 m.

Minjalýsing: Stærð hússins var 5 x 3,7 m. Ekki vitað hvar húsið stóð.

181579-035: 053

Hlutverk: Verkamannahús

Tegund: Heimild

Staðsetning: Óþekkt

Staðhættir: Verkamannahús byggt árið 1782.

Minjalýsing: Veggir úr torfi en þiljað að innan 6,9 x 4,4 m. Í suðurenda var árið 1787 stofa beykis með lokrekkju og þéttu fjalargólfi. Annað herbergi var í norðurenda og á loftinu tvær vistarverur fyrir verkamenn. Á þessu húsi voru fimm litlir gluggar og fimm dyr og við einn innganginn var forstofa.⁶⁶

181579-035: 054

Hlutverk: Fisksöltunarhús

Tegund: Heimild

Staðsetning: Óþekkt

Staðhættir: Fisksöltunarhús byggt árið 1784.⁶⁷

Minjalýsing: Ekki vitað hvar stóð.

181579-035: 055

Hlutverk: Íbúðarhús fyrir verslunarþjóna

Tegund: Heimild

Staðsetning: Óþekkt

Staðhættir: Íbúðarhús fyrir verslunarþjóna byggt árið 1785.

Minjalýsing: Stærð hússins 11,3 x 8,5 m. Þetta var torfbær með timburgöflum, þiljaður að innan að talsverðu leyti. Ein stofa var í suðurenda og önnur í norðurenda og gangur á milli þeirra.⁶⁸

⁶⁶ Firðir og fólk 900-1900. Vestur Ísafjarðarsýsla. 1999:144

⁶⁷ Firðir og fólk 900-1900. Vestur Ísafjarðarsýsla. 1999:144

⁶⁸ Firðir og fólk 900-1900. Vestur Ísafjarðarsýsla. 1999:144

181579-035: 056**Hlutverk:** Pakkhús**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** Óþekkt**Staðhættir:** Bjálkabyggt pakkhús byggt 1786.⁶⁹**Minjalýsing:** Grunnflötur 12,5 x6,3 undir nokkrum hluta þess var kjallari og hann þiljaður að innan.⁷⁰

Mynd 24. Smiðjan á Þingeyri. LjósM.MHH.

181579-035: 057**Hlutverk:** Fjárrétt**Tegund:** Heimild**Staðhættir:** Á korti frá 1882 (kort 1) má sjá að á Kirkjutúni er skráð fjárrétt (nr. 11 á korti 1).**Minjalýsing:** Líklega sama og [018].**181579-035: 058****Hlutverk:** Fiskþurrkunarreitir**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 295317 N 605506**Staðhættir:** Við sjóinn þar sem nú er Hafnarstræti voru áður fiskþurrkunarreitir.**Minjalýsing:** Þessa reiti má sjá á gömlum loftmyndum. Þegar Amerísku skúturnar komu til landsins voru þær fullar af ballest sem var grjót. Þetta grjót var notað í fiskþurrkunarreitina. Síðar voru settar upp á þessu svæði trönur til að þurrka fisk. Þetta er nú allt horfið af yfirborði.⁶⁹ Firðir og fólk 900-1900. Vestur Ísafjarðarsýsla. 1999:144⁷⁰ Firðir og fólk 900-1900. Vestur Ísafjarðarsýsla. 1999:144

181579-035: 059

Hlutverk: Smiðja rafveita

Tegund: Hús

Byggingarár: 1913

Staðsetning: A 295337 N 605372

Staðhættir: Við Hafnarstræti 10 stendur hús sem kölluð er smiðjan. Húsið var reist árið 1913 og stendur enn í dag nær óbreytt með tækjum og tólum rétt eins og starfsmennirnir hafi rétt brugðið sér frá. Þann 13 janúar árið 1913 stofnaði Guðmundur J. Sigurðsson ásamt Gramsverslun, Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar & Co. hf. og var einn af frumkvöðlum alhliða smiðjureksturs á Íslandi. Undir stjórn Guðmundar og síðar



Mynd 25. Smiðjan á Þingeyri. LjósM.MHH.

Matthíasar, sonar hans, átti smiðjan eftir að verða landsþekkt fyrir vandaða og góða þjónustu.

Árið 1918 voru keypt í smiðjuna ýmis ný verkfæri sem enn voru í notkun 1995 þegar GJS hætti starfsemi. Þar á meðal var stór borvél og tveir rennibekkir. Þessa góðu endingu verkfæranna má örugglega rekja til hve vel var gengið um hlutina í smiðjunni og brýnt fyrir mönnum að vera snyrtilegir.

Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar var einnig skóli í málmíðnaði. Námið í smiðjunni var mjög fjölbreytt vegna þess hve alhliða smiðjureksturinn var. Þannig lærðu nemar „logsuðu, rafsðu, rennismiði, járnsmíði í eldsmiðju, málmsteypu og eiginlega allt sem gert var í smiðju ...“. Málmsteypa hófst í smiðjunni árið 1920.⁷¹

Minjalýsing: Húsið er upprunalegt. Húsið var lengt um helming í fyrra stríði. Árið 1929 var byggð önnur bygging við hliðina með sama formi. Síðan hefur bæst við ein ósamstæð

⁷¹ Af vefnum <http://notendur.snerpa.is/vbk/smidja.htm> sótt 12.09.2014

bárujárnsbygging.⁷² Húsið og starfsemin sem er rekin þar í dag hefur ómetanlegt menningarlegt gildi og er einstakt á landsvísu.

181579-035: 060

Sérheiti: Sigurjónshús

Hlutverk: Íbúðarhús

Tegund: Hús

Byggingarár: 1892

Staðsetning: A 295286 N 605140

Staðhættir: Húsið stendur við Hafnarstræti 5. Húsið var byggt árið 1892 sem íbúðarhús úr timbri. Hús Einars Finnbogasonar, beykis og verkstjóra hjá Gramsverslun talið reist



Mynd 26. Sigurjónshús við Hafnarstræti 5. Ljós. EDJ.

árið 1893 úr norskum viði tilsnidnum. Amma og Afi Ólafs Ragnars Grímssonar Forseta Íslands, bjuggu á efri hæð hússins, þau Ólafur og Sigríður.

Minjalýsing: Húsið stendur á hlöðnum grunni Húsið fellur vel að götumynd og nánasta umhverfi form og gluggasetning lítið breytt,viðbygging aftan við hús stingur í stúfvið heildarmynd.⁷³ Umrædd viðbygging var byggð árið 1921 „Skúrin fyrir ofna var byggð árið 1921. Þorvaldína Rósa Einarsdóttir, átti skúr upp við Faktorsgirðinguna og Sigurjón Pétursson keypti skúrinn af gömlu konunni. Hann gróf fyrir kjallara og setti skúrinn þar ofan á. Áður fyrr voru dyr á miðju húsinu sem vísuðu fram á götuna. Þar með fékk hann góða forstofu og matvælageymslu undir.“⁷⁴



Mynd 27. Gömul ljósmynd sem sýnir Sigurjónshús með svartri ör. Ljóm. Þjms.

⁷² Húsakönnun á Þingeyri 2013

⁷³ Húsakönnun á Þingeyri 2013

⁷⁴ Gunnar Hvammdal 1996:51

181579-035: 061**Hlutverk:** Íbúðarhús**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 295287 N 605125**Staðhættir:** Við hlið Hafnastrætis 3 stóð hús sem sést á gamalli ljósmynd.**Minjalýsing:** Húsið er horfið.

Mynd 28. Húsið sem stóð við hlið Sigurjónshúss en er nú horfið. Ljós. Þjms

181579-035: 062**Hlutverk:** Greiðasala, verslun, íbúð og bakarí**Tegund:** Hús**Byggingarár:** 1906**Staðsetning:** A 295283 N 605117**Staðhættir:** Við Hafnarstræti 1 er hús sem kallað er Bakaríið. Í húsinu var verslun og Bakarí til áratuga - mögulegt er að múrsteinn hafi verið notaður til að hlaða jarðhæðina. Bakaraofninn var gerður úr múrsteini.

Mynd 29. Hafnarstræti 1. Byggt 1906. Ljós. EDJ.

Minjalýsing: Timburhús með hlöðnum kjallara, hugsanlega úr múrsteini, sem var í bakaraofni. Upprunalegt, Rishæðin kemur þó eftir að þakið tók af í „Sneiðingaveðri“, en framan af var það bara kjallari og ein hæð.⁷⁵**181579-035: 063****Hlutverk:** Spítali**Tegund:** Hús**Byggingarár:** 1905**Staðsetning:** A 295322 N 605002**Staðhættir:** Við Fjarðargötu 8

Mynd 30. Spítalinn á Þingeyri. Ljós. EDJ

⁷⁵ Húsakönnun á Þingeyri 2013

stendur hús sem var byggt sem spítali árið 1905.

Minjalýsing: Húsið er upprunalegt og stendur á hlöðnum grunni. Húsið er timburhús og hefur verið gert upp. Húsið er elsti spítali í vestur Ísafjarðarsýslu.

181579-035: 064

Sérheiti: Dagsbrún/Þorbergshús

Hlutverk: Verslun/Íbúðarhús

Tegund: Hús

Byggingarár: 1911

Staðsetning: A 295331 N 604972

Staðhættir: Húsið stendur við



Fjarðargötu 11. Þar var rekin fyrst Mynd 31. Dagsbrún sem byggð var árið 1911. Ljós. EDJ.

vefnaðarvöruverslun og síðar bókaverslun í kjallaranum í 60 ár.

Minjalýsing: Húsið stendur á steiptum kjallara og er úr timbri og er bárujárnsklætt. Húsið er með risi og steiptum kjallara.

181579-035: 065

Sérheiti: Gamla Pósthúsið

Byggingarár: 1896

Hlutverk: Pósthús og íbúðarhús

Tegund: Hús

Staðsetning: A 295347 N 604923

Staðhættir: Húsið var byggt 1895 og stendur við Fjarðargötu 14. Upphaflega var húsið einlyft með háu risi, en fljótlega voru veggir hækkaðir, þakhalli minnkaður og viðbygging aftanvið húsið reist. Húsið hefur



Mynd 32. Gamla Pósthúsið byggt 1896. Ljós.EDJ.

fengið að halda sér að öðru leyti. Húsið hefur mikið menningarsögulegt gildi. Var hús Jóhannesar Ólafssonar alþingismanns og hreppstjóra. Pósthús og rúgbrauðsgerð til margar ára. Jóhannes Ólafsson reisti húsið og bjó með fólki sínu til æviloka árið 1935. Í kjallaranum var stofnsett fyrsta bakaríið á Þingeyri árið 1897 með „konditorí-ofni“. Þar var einnig verslun um skeið. Póstafgreiðsla frá 1898-1935 eða 36. Rennandi vatn var leitt

úr leiðslunni í Hermanns Wendels húsi og var það líklega annað húsið á staðnum sem leitt var rennandi vatn. Húsið hefur verið breytt töluvert frá fyrstu gerð. Hátt ris mun hafa verið á því fyrst en var breytt í núverandi útlit árið 1904.⁷⁶

Minjalýsing: Húsið er timburhús, klætt járn. Kjallari hlaðinn og pússaður. Húsið er með lágu risþaki og kjallara. Viðbygging með skúrþaki að baka til, veggir timbur klæddir.

181579-035: 066

Sérheiti: Höfn

Hlutverk: Íbúðarhús

Tegund: Hús

Byggingarár: 1895

Staðsetning: A 295316 N 604970

Staðhættir: Við Fjarðagötu 10



stendur hús sem byggt var 1895. Mynd 33. Húsið Höfn. LjósM.EDJ

Hermann Wendel, bróðir Friðriks Wendel, verslunarstjóra hjá gamla Gram. Byggði þetta hús 1987 og var það flutt tilbúið frá Slésvík í Þýskalandi og var í fyrstu kallað Hermanns Wendels hús. Sagt var að systir Wendels hafi gefið honum húsið. Því fylgdu pípur til að leggja í það vatn og er það fyrsta húsið á Þingeyri sem vitað er um að hafi haft sjálfrennandi vatn. Var vatnið leitt út brunni sem var ofar á „Balanum“. Í þessu húsi var fyrsti barnaskólinn á staðnum.⁷⁷

Minjalýsing: Húsið er timburhús á hlöðnum kjallara og er bárujárnsklætt. Húsform og gluggasetning að mestu upprunalegt.

181579-035: 067

Sérheiti: Guðnaþúð/Ástralía

Hlutverk: Verslunarhús

Tegund: Hús

Byggingarár: 1904

Staðsetning: A 295356 N 604962



Mynd 34. Gömul ljósmynd af Guðnaþúð. LjósM. Húsakönnun á Þingeyri.

⁷⁶ Gunnar Hvanndal 1996:52

⁷⁷ Gunnar Hvanndal 1996:53

Staðhættir: Við Fjarðargötu 13 stendur hús sem kallað er Ástralía. Húsið var um áratugaskeið verslunarhús og fyrsta hús Kaupfélags Þingeyinga.

Minjalýsing: Húsið er á hlöðnum grunni og er að stærstum hluta upprunalegt í útliti. Glugga og dyraop hafa verið færð og aukin. Húsið hefur mikið menningarsögulegt gildi og þarfnast uppgerðar.



Mynd 35. Húsið eins og það lítur út í dag. Ljóm.EDJ.

181579-035: 068

Sérheiti: Verslun Sigmundar Jónssonar

Byggingarár: 1915

Hlutverk: Verslun og íbúð

Tegund: Hús

Staðsetning: A 295321 N 605048

Staðhættir: Við Fjaragötu 5 stendur hús sem kölluð er Simbahöllin eða Sigmundarbúð. Húsið var áður verslunarhús með íbúð á efri hæð.



Mynd 36. Simbahöllin sem nýlega var endurgerð. Ljóm.EDJ.

Minjalýsing: Húsið stendur á steiptum kallara og eru tvær hæðir og ris. Húsið hefur verið endurgert og er mjög upprunalegt. Kaffihús er starfrækt í húsinu

181579-035: 069

Hlutverk: Saltfiskverkun og saltgeymsla

Tegund: Hús

Byggingarár: 1913

Staðsetning: A 295318 N 605300

Staðhættir: Við Hafnarstræti 14 stendur hús sem byggt var árið 1913

sem saltfiskverkun og saltgeymsla. Í gegnum húsið, frá þurrkreitunum að smiðjunni, lágu járnbrautarspor sem notuð voru til að flytja saltfisk.



Mynd 37. Gamla saltfisksverkunin frá 1913. Ljóm. EDJ.

Minjalýsing: Húsið er úr timbri og að mestu upprunalegt. Hefur menningarsögulegt gildi og skapar heild með smiðunni.

181579-035: 070

Hlutverk: Rúst/Búð

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 295251 N 605295

Staðhættir: Fast við Matjurtargarð[018] má greina á gamalli loftmynd óljósa rúst. Rústin er hugsanlega af búð og hefur búðalögun eins og búðirnar á svæðinu.

Minjalýsing: Rústin sést ekki á yfirborði.



Mynd 38. Óljósar rústir á loftmynd frá 1958.

181579-035: 071

Sérheiti: Ameríkaninn


Hlutverk: Geymsla

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 295238 N 605220

Staðhættir: Þar sem nú er plan framan við fiskvinnsluhús var áður hús sem var kallað Ameríkaninn. Í þessu húsi geymdu áhafnir amerískra skúta, sem veiddu við landið, búnað og var merkt svæði fyrir hverja skútu.

Minjalýsing: Húsið er horfið.



Mynd 39. Ameríkaninn 1890. Ljósmynd Þjms. LPR 2300¹.



Mynd 40. Inn í Ameríkaninum voru svæði sem merkt voru hverja skútu. Ljós. ÞÖG.



Mynd 41. Ameríkaninn undir það síðasta. Ljós.ÞÖG.

181579-035: 072**Hlutverk:** Bryggja**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 295436 N 605167**Staðhættir:** Á sama stað og höfnin er á Þingeyri var áður timurbryggja.**Minjalýsing:** Bryggjan í þeirri mynd, sem hún var, er horfin.

Mynd 42. Gamla timurbryggjan á Þingeyri. Þjms. A-hbi-84.

181579-035: 073**Hlutverk:** Járnbraut**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 295305 N 605203**Staðhættir:** Á ljósmyndum má sjá brautarteina, sem lágu frá höfninni að verslunarhúsum Grams. Einnig lágu þessir teinar út eyrina.**Minjalýsing:** Teinarnir voru járnteinar á timburundirstöðu og er hluti af einum vagni enn til á Þingeyri.Mynd 43. Brautarteinar sem lágu frá bryggju að verslunarhúsum. Þjms. LPR 2300¹.**181579-035: 074****Hlutverk:** Íbúðarhús**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** E 295281 N 605.082**Staðhættir:** Þar sem sparisjóðurinn stendur í dag við Fjarðargötu 2 stóð áður hús sem kennt var við Fjarðargötu 1. Þetta hús var fyrsta steipta húsið á Þingeyri. Húsið var byggt árið 1911 af Jónasi Jónassyni og Snæbirni Sigurbjörnssyni. Þar bjó Gunnlaugur Þorsteinsson læknir. Búið var í báðum endum hússins og bjó Halldóra Proppé í hinum endanum.**Minjalýsing:** Húsið var rifið um 1990.

181579-035: 075**Hlutverk:** Brunnhús**Tegund:** Heimild**Staðsetning:****Staðhættir:** Á ljósmynd frá 1885 sést brunnhús. Á texta við myndina segir: „Brunnhús Faktors“.**Minjalýsing:** Húsið er horfið.

Mynd 44. Brunnhúsið er fyrir miðri mynd. Ljósmynd Þjms Lpr-4292.

181579-035: 076**Hlutverk:** Garðlag**Tegund:** Garður**Staðsetning:** A 295243 N 605185**Staðhættir:** Á gamalli ljósmynd frá árinu 1866 sést að hlaðinn garður hefur verið framan við verslunarhúsin.**Minjalýsing:** Garðurinn er horfinn.

Mynd 45. Ljósmynd sem sýnir Salthúsið, Faktorshúsið og verslunarhús. Framan við það er garðurinn. Ljósmynd Þjms Lpr-1353.

181579-035: 077**Sérheiti:** Jensínuhús**Byggingarár:** 1880**Hlutverk:** Íbúðarhús**Tegund:** Heimild**Staðsetning:** A 295336 N 604908**Staðhættir:** Aftan við Fjarðargötu 14 Mynd 46. Jensínuhús. Ljósmynd. ÞÖG.
stendur hús sem kallað var Jensínuhús.

Bjarni Ólafsson smiður (bátasmiður) er þekktastur fyrir að hafa smíðað bát þann sem Hannes Hafstein notaði til að fara út í breska togarann Royalist. Fólk er fyrst skráð í þetta hús árið 1881.



Minjalýsing: Þarf að orða betur. gæti verið svona ef ég skil þetta rétt „Húsið er frekar lágreist. Það er með hlöðnum kjallara, bíslagi og það hefur eina hæð undir súð. Húsið er úr timbri en það er steypa utan á því. Það talið vera fyrsta hús þeirrar tegundar. Enginn býr í húsinu, sem hefur mikið varðveislugildi og sérstakt útlit.

181579-035: 078

Sérheiti: Verslunin Aldan

Byggingarár: 1915-1916

Hlutverk: Hús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 295302 N 605040

Staðhættir: Húsið er reist sem verslun og hófst bygging þess árið 1915 eða 1916. Upphaflega stóð til að reisa aðra hæð ofan á en hætt var við það efir að húsið hafði verið í byggingu í nokkur ár. Í húsinu var rekin verslunin Aldan og var fyrsti eigandi þess Nathanael Mósson.

Minjalýsing: Húsið er steinsteypt með fjórum gluggum á hliðinni sem vísa að götunni. Húsið er upprunalegt.

181579-035: 079

Sérheiti: Sæhrímnishús

Byggingarár: Fyrir aldamót

Hlutverk: Hús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 295312 N 605022

Staðhættir: Við hlið verslunarinnar Öldu stóð hús sem kallað var Sæhrímnishús.

Minjalýsing: Húsið var rífið um árið 2000.

181579-035: 080

Sérheiti: Gamla Vélsmiðjan

Byggingarár: Óþekkt

Hlutverk: Hús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 295284 N 605100

Staðhættir: Gamla vélsmiðjan stóð áður á horni Aðalstrætis og Fjarðargötu.

Minjalýsing: Vélsmiðjan var rifin fyrir 1940.

181579-035: 081

Sérheiti:

Byggingarár: 1902

Hlutverk: Hús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 295273 N 604955



Staðhættir: Við Brekkugötu 6 stendur hús Mynd 47. Brekkugata 6. Ljósm. ÞÖG.

sem byggt var árið 1902. Í húsakönnun stendur að fyrsti eigandi hafi verið Guðjón Jónsson en á gömlu korti frá 1920 er húsið kennt við Inga S. Jónsson. Húsið var byggt sem íbúðarhús.

Minjalýsing: Húsið er timburhús klætt járn og eru undirstöður hlaðnar. Húsið er hæð, kjallari og ris og er í góðu ástandi.

181579-035: 082

Sérheiti:

Byggingarár: 1895

Hlutverk: Hús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 295292 N 604966



Staðhættir: Gísli Oddsson, bóndi á Lækjarósi í Mýrahreppi í Dýrafirði, byggði þetta hús um 1896. Eftir lát

Mynd 48. Brekkugata 5. Ljósm. ÞÖG.

hans var húsinu fleytt í heilu lagi yfir Dýrafjörð og sett niður á lóð sem nú er númer 5 við Brekkugötu á Þingeyri. Þar stendur það enn. Líklega hefur þetta verið árið 1903, því þá er húsið sagt byggt í Fasteignaskrá Íslands. Fyrsti íbúi hússins eftir flutninginn var héraðslæknirinn á Þingeyri.⁷⁸

⁷⁸ Guðlaug Vilbogaóttir 2010:198

Minjalýsing: Húsið er einlyft með risþaki og kjallara sem er hlaðinn. Húsið er úr timbri og er klætt plastklæðningu. Húsið skemmdist í eldi árið 2007 og er illa farið.

181579-035: 083

Sérheiti:

Byggingarár: 1920

Hlutverk: Hús

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 295305 N 604949

Staðhættir: Við Brekkugötu 7 stendur

hús sem byggt var 1920.



Mynd 49. Brekkugata 7. Ljósm. ÞÖG.

Minjalýsing: Húsið er einlyft með risþaki og kjallara sem viðgerðir eru hafnar á. Kjallari er hlaðinn og steypur og er húsið timburbyggt með járnklæðningu.

181579-035: 084

Sérheiti:

Byggingarár: 1910

Hlutverk: Íbúðarhús

Tegund: Hús

Staðsetning: A 295280N N 604941

Staðhættir: Við Brekkugötu 8 stendur

hús sem byggt var árið 1910.



Mynd 50. Brekkugata 8. Ljósm. ÞÖG.

Minjalýsing: Húsið er timburhús klætt járn og eru undirstöður steypar. Húsið er tvær hæðir með risi og kjallara. Húsið var byggt í fimm áföngum. Útlit hússins er upprunalegt og er viðbygging við húsið.

181579-035: 085

Sérheiti:

Byggingarár: 1900

Hlutverk: Íbúðarhús

Tegund: Hús




Mynd 51. Brekkugata 10. Ljósm. ÞÖG.

Staðsetning: A 295332N 604969

Staðhættir: Við Brekkugötu 10 stendur hús sem byggt var árið 1900.

Minjalýsing: Húsið er úr timbri en múrað með steypu. Aftan við húsið stendur viðbygging út timbri. Húsið er á einni hæð með risi og kjallara.

Kort 1. Uppdráttur af Þingeyri frá árinu 1882. Birtist í *Firðir og Fólk 900-1900*.⁷⁹



Uppdráttur af Þingeyri frá árinu 1882. Inn á uppdráttinn eru færðar tölur sem vísa á eftirfarandi skýringar: 1. Verslunarhúsið sem reist var á árunum 1873–1875. — 2. Gamla krambúðin, reist 1757. — 3. Faktors-
húsið, reist 1775. — 4. Bjálkabyggt pakkhús, reist 1778 (salthúsið). — 5. Beykishúsið. — 6. Elsti hluti
gömlu smiðjunnar. — 7. Íbúðarhús sem Gunnar Melkjörsson Bachmann, bókarí hjá Gramsverslun, reisti
árið 1882. — 8. Vertshúsið (kráin) byggð 1881 og stendur enn á lóðinni númer 4 A við Fjardargötu. —
9. Útihús verslunarstjórans, fjós, hesthús og hlaða. — 10. Kolabingur. — 11. Fjárrétt. — 12. Lýsis-
bræðslan. — 13. Fiskverkunarhús. — 14. „Bankeplads“, plássíð þar sem skúturnar voru teknar á land á
haustin. — Sagt er að jarnbrautin sem sýnd er á myndinni og lá út á fiskreitana hafi verið sú fyrsta á landi
hér. Á sjó korti sem fylgir uppdráttinum og er frá sama ári sést að innan við svæðið sem hann nær yfir voru
komin þrjú íbúðarhús. Yst þeirra var Hruni sem dönsku mælingamennirnir segja vera bæ með svörtum
gaffli. Innar var Nýibær, er þeir nefna lægsta bæ, og innst Dýrhóll sem Danirnir kölluðu suðurbæ.

⁷⁹ Firðir og fólk 900-1900. Vestur Ísafjarðarsýsla. 1999:144.

5. Friðuð hús á deiliskipulagssvæðinu

Hér að ofan hafa verið taldar upp minjar sem eru sjáanlegar á yfirborði og aðrar sem ekki sjást en heimildir eru til um. Auk þess voru skráð hús sem heimildir eru til um og eru horfin í dag. Innan deiliskipulagssvæðisins eru mikið af gömlum húsum sem enn í dag eru uppistandandi. Árið 2013 gerði Kjartan Árnason hjá Glámu Kím Arkitektum húsakönnun á Þingeyri fyrir Ísafjarðarbæ.⁸⁰ Þar kemur í ljós að 19 hús eru frá því fyrir 1918. En samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru öll hús 100 ára og eldri friðuð og hús sem voru byggð fyrir 1925 og kirkjur fyrir 1940 eru umsagnaskildar.

6. Niðurstöður


Innan deiliskipulagsreits er mikið af minjum. Merkastar eru búðaleifar á svæðinu í kring um kirkjuna en ekki er vitað hversu gamlar þær minjar eru eða hvers eðlis þær eru þó líklegt verði að telja að þetta séu Þingbúðir. Verslun hefur líka verið á svæðinu um langan tíma og því ekki hægt að útiloka að hér séu búðir tengdar verslun nema hvoru tveggja sé. Sérstaða þessara minja er magn þeirra og stærð en þetta eru mjög stór mannvirki. Miðað við gamlar lýsingar hefur mikið af búðarústum glatast í gegn um tíðina.

Gönguleið hefur myndast yfir rústir og verður að leiða göngu vegfarenda milli rústa t.d. með stígum, sem eru gerðir án þess að til jarðrasks þurfi að koma. Einnig er mikilvægt að merkja þessar rústir t.d. með skiltum en ekkert gefur til kynna að á svæðinu við kirkjuna að hér séu merkilegar friðlýstar minjar.

Mikið af gömlum húsum eru innan deiliskipulagssvæðisins eins og fjallað hefur verið um í þessari skýrslu. Hafa verður í huga að innan þessa reits var aðal athafnasvæði verslunar og þetta er svæðið þar sem þing hefur verið haldið. Öll elstu hús Þingeyrar eru innan svæðisins. Þetta svæði er því mikilvægt í sögu Þingeyrar og verður að fara öllu með gát við allar framkvæmdir á svæðinu þar sem minjar geta verið undir sverði þó þær sjáist ekki á yfirborði. Komi minjar í ljós við jarðrask á svæðinu ber að stöðva framkvæmdir og tilkynna til Minjastofnunar Íslands.


⁸⁰ Húsakönnun Þingeyri 2013:

7. Kort



Kort 2. Kort af sem sýnir aldur húsa á skipulagssvæðinu. Úr skýrslu Landmótunar Deiliskipulag fyrir miðbæ og hafnarsvæðið á Þingeyri. Kortagerð Landmótun. Birt með leyfi. Kortagerð: Landmótun.⁸¹

⁸¹ Landmótun 2014:11.




Kort 3. Kort sem sýnir staðsetningu húsa innra deiliskipulagssvæðis úr skýrslu Landmótunar *Deiliskipulag fyrir miðbæ og hafnarsvæðið á Þingeyri*. Birt með leyfi Landmótunar. Kortagerð: Landmótun.⁸²


⁸² Landmótun 2014:11.



Kort 4. Minjar inn á deiliskipulagsreit á Þingeyri
 Mælikvarði: 1:2500 Dags: 30.10.2014
 Hulda B. Albertsdóttir

Skýringar:
 Minjar
 000 Nr. minja

Fornleifaskráning á Þingeyri við Dýrafjörð
 í V-Ísafjarðarsýslu NV nr. 15-14



8. Ljósmyndaskrá

Mynd 1 Stærstu rústirnar á svæðinu hugsamlega bæjarrústir. Ljós. MHH.	10
Mynd 2. Gömul loftmynd sem sýnir umrædda rúst undir kálgarðinum. Loftmynd frá 1956.	11
Mynd 3. Gömul loftmynd sem sýnir kálgarðinn. Loftmynd frá 1956	12
Mynd 4. Gömul ljósmynd sem sýnir kálgarðinn vel. Ljósmynd frá Smiðjunni Þingeyri.	12
Mynd 5. Ljósmyndin sýnir búðarúst á móti kirkjunni. Ljós. MHH.	13
Mynd 6. Ljósmynd af búð [021].	13
Mynd 7. Búð 24 í fjarska, sést hugsanlegar bæjarleifar. Ljós. MHH.	15
Mynd 8. Rústabunga bak við Salthúsið og Gramsverslun. Ljós. MHH.	17
Mynd 9. Á loftmynd frá 1956 má greina garðlag sem enn sést á yfirborði.	17
Mynd 10. Þingeyrarkirkja byggð 1911. Ljós. MHH.	18
Mynd 11. Salthúsið á Þingeyri elsta hús bæjarins frá 1778. Ljós. EDJ.	19
Mynd 12. Gamla Gramsverslunin þar sem það stendur í dag. Ljós. EDJ.	19
Mynd 13. Verslunarhúsið um 1890. Ljósmynd Þjms. Lpr 2300.	20
Mynd 14. Á lofti gömlu Gramsverslunar er nokkuð af innréttingum úr húsinu. Ljós MHH. .	21
Mynd 15. Verslunarhúsið um 1890. Ljósmynd Þjms. Lpr-4292.	21
Mynd 16. Faktorshúsið er ljósa húsið á mynd frá 1890. Ljósmynd ÞJMS. LPR 2300.	22
Mynd 17. Salthúsið og Beykishúsið. Þingeyri um 1885. Ljósmynd í Þjms.	22
Mynd 18. Mynd frá þjóðminjasafni	23
Mynd 19. Hallhús byggt árið 1882. Ljós EDJ.	23
Mynd 20. Vertshúsið. Ljós. EDJ.	24
Mynd 21 Fjárhús Faktorsins. Þingeyri um 1885. Ljósmynd í Þjms. Lpr-4292	25
Mynd 22. Lýsisbræðslan og fiskverkunarhúsið. Ljós ÞjmsLpr-4292.	25
Mynd 23. Líklega er þetta pakkhúsið 1895. Ljós. Þjms Lpr-B-1988-77	28
Mynd 24. Smiðjan á Þingeyri. Ljós. MHH.	30
Mynd 25. Smiðjan á Þingeyri. Ljós. MHH.	31
Mynd 26. Sigurjónshús við Hafnarstræti 5. Ljós. EDJ.	32
Mynd 27. Gömul ljósmynd sem sýnir Sigurjónshús með svartri ör. Ljóm. Þjms.	32
Mynd 28. Húsið sem stóð við hlið Sigurjónshúss en er nú horfið. Ljós. Þjms.	33
Mynd 29. Hafnarstræti 1. Byggt 1906. Ljós. EDJ.	33
Mynd 30. Spítalinn á Þingeyri. Ljós. EDJ	33
Mynd 31. Dagsbrún sem byggð var árið 1911. Ljós. EDJ.	34
Mynd 32. Gamla Pósthúsið byggt 1896. Ljós. EDJ.	34
Mynd 33. Húsið Höfn. Ljós. EDJ	35
Mynd 34. Gömul ljósmynd af Guðnabúð. Ljós Húsakönnun á Þingeyri.	35
Mynd 35. Húsið eins og það lítur út í dag. Ljós. EDJ.	36
Mynd 36. Simbahöllin sem nýlega var endurgerð. Ljós. EDJ.	36
Mynd 37. Gamla saltfisksverkunin frá 1913. Ljós. EDJ.	36
Mynd 38. Óljósar rústir á loftmynd frá 1958.	37
Mynd 39. Ameríkaninn 1890. Ljósmynd Þjms. LPR 2300.	37
Mynd 40. Inn í Ameríkananum voru svæði sem merkt voru hverja skútu. Ljós. ÞÖ.	37
Mynd 41. Ameríkaninn undir það síðasta. Ljós. ÞÖ.	37
Mynd 42. Gamla timburbyggjan á Þingeyri. Þjms. A-hbi-84.	38
Mynd 43. Brautarteinar sem lágu frá byggju að verslunarhúsum. Þjms. LPR 2300.	38
Mynd 44. Brunnhúsið er fyrir miðri mynd. Ljós Þjms Lpr-4292.	39
Mynd 45. Salthúsið, Faktorshúsið og verslunarhús. Ljós þjms. Lpr-1353.	39

Mynd 45. Jensínuhús. Ljósmynd. ÞÖG.	39
Mynd 45. Brekkugata 6. Ljósmynd. ÞÖG.	41
Mynd 45. Brekkugata 5. Ljósmynd. ÞÖG.	41
Mynd 45. Brekkugata 7. Ljósmynd. ÞÖG.	42
Mynd 45. Brekkugata 8. Ljósmynd. ÞÖG.	42
Mynd 45. Brekkugata 10. Ljósmynd. ÞÖG.	42

9. Heimildaskrá

Adolf Friðriksson, Garðar Guðmundsson og Howell M. Roberts. Þinghald til forna. Framvinduskýrsla 2002. FS183-02141. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík, 2002.

Annálar 1400-1800. 2. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1927-1932.

Annálar 1400-1800. 3. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1933-1938.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. VII. bindi.* Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1984.

Árbók Hins íslenska fornleifafélags. 1883. *Rannsókn um Vestfirði 1882, einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu.* Sigurður Vigfússon. Reykjavík, 1884.

Árbók Hins íslenska fornleifafélags. 1974. *Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1973.* Þór Magnússon. Reykjavík, 1975.

Ársrit Sögufélags Ísfirðinga. 8. ár. Jóh. Gunnar Ólafsson og Kristján Jónsson, ritstj. *Verzlunarstaður á Þingeyri og húsakostur þar.* Jóh. Gunnar Ólafsson. Ísafirði, 1963.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. 1. bindi. 834-1264. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn, 1857-1876.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 8. bindi. 1261-1521. Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1906-13.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 9. bindi. 1262-1536. Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1909-13.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn. 12. bindi. 1200-1554. Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1923-32.

Gísli Gunnlaugsson. Tillaga að deiliskipulagi við Hlíðargötu á Þingeyri, Ísafjarðarbæ. Ísafirði, 2007.

Gunnar Hvammdal. *Þáttur úr Húsasögu Þingeyrar hús byggð fyrir 1900. Hvenær voru elstu húsin byggð og af hverjum?* Mannlíf og saga í Þingeyrar og Auðkúluhreppum hinu fornu. Þjóðlegur fróðleikur gamall og nýr. Verstfirska forlagið ritröð. 2 hefti 1996.

Gísla saga Súrssonar. Íslendingasögur. 5. bindi. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan. Reykjavík, 1946.

Jón J.Aðils. *Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602-1787*. Útgefandi: Verzlunarráð Íslands. Reykjavík. 1919.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn, 1847

Kálund, P.E. Kristian. *Íslenskir sögustaðir. 1.-4. bindi*. Haraldur Matthíasson þýddi. Örn og Örlygur. 1984-6.

Kjartan Árnason. 2013. Húsakönnun fyrir Aðalstræti, hluta Vallargötu Hafnarstræti, Fjarðargötu, Brekkugötu og Kirkjugötu – Þingeyri. Kím Arkitektar.

Kjartan Ólafsson. *Vestfjarðarit I. Firðir og fólk. 900-1900. Vestur-Ísafjarðarsýsla*. Útgáfufélag Búnaðarsambands Vestfjarða. 1999.

Landmótun. *Deiliskipulag fyrir miðbæ og hafnarsvæðið á Þingeyri*. Reykjavík. 2014.

Ólafur Olavius: *Ferðabók. Landshagir í norðvestur-, norður-, og norðaustursýslum Íslands 1775-1777, ásamt ritgerðum Ole Henckels um brennistein og brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand. I*. Steindór Steindórsson þýddi. Reykjavík, 1964.

Óskar Leifur Arnarson og Ragnar Edvardsson. 2007. Fornleifaskráning á Þingeyri við Dýrafjörð, V-Ísafjarðarsýslu. Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi. Unnið fyrir Ísafjarðarbæ. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 13-07.

Skrá um friðlýstar fornleifar. Fyrsta útgáfa. Fornleifanefnd. 1990.

Sóknarlýsingar Vestfjarða. 2. Ísafjarðar- og Strandasýslur. Samband vestfirzkra áttahagafélaga. Reykjavík, 1952.

Sturlunga saga. 2. bindi. Hrafns saga Sveinbjarnarsonar hins sérstaka. Örnólfur Thorsson, ritstj. Svart á hvítu. Reykjavík, 1988.

Þjóðminjalög nr. 107, 31. maí 2001.

Öldin sextánda. Minnisverð tíðindi 1551-1600. Jón Helgason tók saman. Forlagið Iðunn. Reykjavík, 1981.

Óútgefnar heimildir

Ö – Þingeyri. Guðmundur Friðgeir Magnússon. 1976.

Ö – Þingeyri. Ari Gíslason.

Hjörleifur Stefánsson. Hús Gramsverslunar á Þingeyri. Drög að greinargerð. Gullinsnið ehf.

Munnlegar heimildir

Þórir Örn Guðmundsson, Þingeyri.

Björn Björgvinsson, smiður, Breiðdalsvík.